

Heimastjórn Seyðisfjarðar - 56 (8.5.2025) - Erindi er varðar ráðningastefnu Múlaþings varðandi sumarstörf ungmenna á Seyðisfirði

Málsnúmer	: 202504259
Málsaðili	: Elva Ásgeirsdóttir
Niðurstaða (stutt)	: Samþykkt
Fundardagur	: 08.05.2025
Inngangur	: Fyrir liggja erindi frá Elvu Ásgeirsdóttur og Höllu Dröfn Þorsteinsdóttur er varðar breytingar á ráðningum ungmenna 16-18 ára á Seyðisfirði sumarið 2025. Jón Kristófer Arnarson garðyrkjustjóri situr fundinn undir þessum lið og fer yfir stöðu mála.
Niðurstaða	Eftirfarandi tillaga lögð fram: Heimastjórn Seyðisfjarðar þakkar Jóni Kristófer Arnarsyni fyrir komuna, góða yfirferð og greinargóð svör. Heimastjórn harmar, að upp sé komin sú staða að ungmenni á Seyðisfirði 16 (á 17.ári) og 17 (á 18.ári) séu atvinnulaus þar sem enga vinnu virðist vera að fá. Heimastjórn óskar eftir því við umhverfis- og framkvæmdaráð, sem fer með málefni vinnuskólans í Múlaþingi, að leyst verði úr þessum málum fyrir ungmenni á Seyðisfirði. Heimastjórn leggur til að 17 ára börn verði ráðin inn í vinnuskólann í sumar í ljósi aðstæðna og atvinnuástands á Seyðisfirði. Einnig leggur heimastjórn til að skoðaður verði möguleikinn á því að boðið verði uppá vinnuskóla til framtíðar fyrir þennan aldur. Heimastjórn felur starfsmanni að fylgja málinu eftir. Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.